

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 15

Dags. 26.3.2014

**Fundur í brunamálanefnd Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar
26.mars 2014.**

Mætt voru: Arnór Benónýsson, Hólmgeir Hallgrímsson, Lárus Björnsson, Bjarni Höskuldsson og Helga A. Erlingsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Arnór formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Gengið var til dagskrár

1. Formaður lagði fram tillögu um að sameina slökkvilið Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar formlega í eitt lið.

Tillagan hjóðar svo:

„Brunavarnarnefnd leggur til við sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að slökkvilið sveitarfélaganna verði formlega sameinuð í eitt lið. Og nú þegar verði hafist handa við þá sameiningu“.

Slökkviliðin hafa verið samrekin frá ársbyrjun 2010 og reynsla af því samstarfi verið góð. Því leggur nefndin til að þetta skref verði stigið. Auk þess liggur fyrir endurskoðun brunavarnaáætlaða og allar framfarir mikið auðveldari með sameiningu liðanna.

Samþykkti nefndin að vísa ofangreindri tillögunni til afgreiðslu sveitarstjórnanna

2. Samningar við Landsvirkjun vegna brunavarna Þeistareykjavirkjunar.

Slökkviliðsstjóri leggur fram drög að þjónustusamningi um brunavarnir sem unnið yrði út frá vegna áframhaldandi framkvæmda við Þeistareykjavirkjun sem fyrirhugaðar eru.

Nefndin samþykkir að fela formanni nefndarinnar Arnóri og Bjarna slökkviliðsstjóra að vinna frekar að fyrirhuguðum samningi.

3. Skýrsla frá slökkviliðsstjóra.

a) Slökkviliðsstjóri sagði frá ráðstefnu Mannvirkjastofnunar sem hann sótti nýverið. Þar var farið yfir lög og reglur Mannvirkjastofnunar varðandi slökkviliðin og mikil áhersla lögð á að þeim verði fylgt. Þá var sagt frá reglugerð um starfsemi slökkviliða sem er í vinnslu en ekki fullfrágengin þrátt fyrir vinnu við hana í langan tíma.

b) Þá skýrði slökkviliðsstjóri frá því að gengið hefur verið frá tryggingum slökkviliðsmanna hér á svæðinu þannig að þau mál eru í lagi eins og kostur er.

c) Slökkviliðsstjóri greindi frá því að þeir sem hafa reykjöfunarréttindi fara í læknisskoðun á næstunni auk fjarnámsnema sem taka þessi réttindi á næstunni, í framhaldi af því verða tekin þrekpróf á sömu mönnum

d) Gengið var nýlega frá samningi milli slökkviliðsins hér við Slökkvilið Norðurþings og Hjálparveitar skáta Aðaldal um vörslu búnaðar í Iðjugerði 1 (loftbankakerra og búnaður vegna mengunarslysa). Þessi búnaður er sameign þessara slökkviliða.

e) Þá liggur fyrir að gera þarf samkomulag við slökkvilið Norðurþings um samvinnu varðandi brunavarna- björgunarstörf, og mengunarvarnir í héraði.

f) Gjaldskyld verkefni slökkviliða. Rædd nokkur atriði sem heimilt er að slökkvilið sveitarfélaga taki gjald fyrir. Ákveðið að ræða þetta nánar síðar.

g) Slökkviliðsstjóri greindi frá því að verið er að gera tölvuforrit fyrir slökkviliðin – sem nefnt er Vörður. Hann hefur tekið þátt í verkefninu um þetta forrit.

4. Önnur mál.

Fundur með slökkviliðsmönnum.

Enn hefur ekki orðið af formlegum fundi með slökkviliðsmönnum. En það er stefnt að því að halda þennan fund loknum læknisskoðunum og þrekprófum.

Fleira rætt en ekki bókað.

Fundi slitið kl. 18.